

1.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn fimmtudaginn 18.janúar 2024 kl. 14:00 í fjarfundi.

Mætt eru til fundar Úlfar Eyjólfsson Krossnesi, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði, Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1, Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík, Delphine Briois var með fyrsta klukkutímamann og 1.varam. Sólveig Rögnvaldsdóttir Melum 2.

Oddviti ritar fundargerð og óskaði eftir að fá heimild til að bæta við 3 atriðum sem gott er að geta klárað, en voru ekki komin inn á borð þegar fundarboðið var sent út. Hreppsnefnd heimilaði þetta og bætast þessi atriði við sem númer 8., 9. og 10.

Dagskrá fundarins;

1. Farið yfir fundargerð síðasta fundar.
 2. 3ja fasa rafmagn og ljósleiðaralagning – staða mála.
 3. Framkvæmdir við Norðurfjarðarhöfn – staða máls.
 4. HS-Orka, VesturVerk; tölvupóstar frá 28.nóv., 30.nóv. og 29.des.23, lagt fram til kynningar og umræðu.
 5. Álagning fasteignagjalda, tölvupóstur frá 15.janúar til kynningar og umræðu.
 6. Römpum upp Ísland, tölvupóstur frá framkvæmdastjóra verfnisins, Ákveða hvaða verkefni er brýnast í Árneshreppi.
 7. Bréf frá Innviðaráðherra vegna Jöfnunarsjóðs, lagt fram til kynningar og umræðu.
-
1. Farið yfir fundargerð síðasta fundar. Tekin voru fyrir nokkur atriði frá hreppsnefndarfundi 15.desember s.l. M.a. atriði varðandi byggðakvóta, Óbyggðanefnd, skýrslu Umhverfisstofnunar, tölvupósta frá Innviðaráuneytinu, bréf til Óbyggðanefndar og verkefnið Römpum upp Ísland.
 2. 3ja fasa rafmagn og ljósleiðaralagning – staða mála. Farið var yfir stöðuna og hversu mikið sveitarfélagið borgaði á síðasta ári vegna kostnaðar við ljósleiðaraverkefnið.
 3. Framkvæmdir við Norðurfjarðarhöfn – staða máls. Farið yfir stöðuna og kostnað sem er talverður. Búið er við að fljótlega komi hluti styrksins sem von er á frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.
 4. HS-Orka, VesturVerk; tölvupóstar frá 28.nóv., 30.nóv. og 29.des.23, lagt fram til kynningar og umræðu. Aðallega var rætt um póstinn frá 29.desember s.l. Það kom fram að allt sem þar kemur fyrir er þegar búið að birta á fréttamiðlum og þannig er best að málin séu kynnt hverju sinni.

5. Álagning fasteignagjalda, tölvupóstur frá 15.janúar til kynningar og umræðu. Oddviti kynnti málið og mun í framhaldinu vera í sambandi við Advania sem mun að venju aðstoða við framsetningu og útreikninga fasteignagjaldanna fyrir 2024.
6. Römpum upp Ísland, tölvupóstur frá framkvæmdastjóra verkefnisins, Ákveða hvaða verkefni er brýnast í Árneshreppi. Margir staðir koma til greina og var farið yfir þá, sums staðar eru verkefnin svo lítil að sveitarfélagið getur gert þau ein og sér. Önnur verkefni

309.

eru svo mun stærri og hefur í för með sér nokkurn kostnað fyrir sveitarfélagið, óháð aðkomu Römpum upp Íslands. Oddviti mun senda þeim tölvupóst með þeim verkefnum sem hægt er að velja á milli.

1. Bréf frá Innviðaráðherra vegna Jöfnunarsjóðs, lagt fram til kynningar og umræðu. Vegna dóms Héraðsdóms Reykjavíkur þar sem ríkinu er gert að greiða rúmlega 3 milljarða króna til Reykjavíkurborgar, verður framlagningu nýrra laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga ekki fylgt eftir á yfirstandandi þingi.
2. Hvar við eigum að auglýsa rekstur Kaffihússins til umsóknar. Ákveðið var að auglýsa í Bændablaðinu og á alfred.is.
3. Hækkun á húsaleigu hjá sveitarfélaginu? Ákveðið var að skoða þessi mál betur og koma öllum rafmagnsmálum í rétt horf áður en ákvörðun er tekin.
4. Húsnæðisáætlun Árneshrepps; Hreppsnefnd fór aftur yfir Húsnæðisáætlunina, lýsti yfir ánægju sinni með hana í heild. Var hún samþykkt einróma og án nokkurra breytinga.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi lokið kl. 15:30.